



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Umhverfisstofnun

b.t. Jóhönnu B. Weisshappel

Suðurlandsbraut 24

108 REYKJAVÍK

|                      |
|----------------------|
| Umhverfisstofnun     |
| Áb. JBW              |
| 07. júní 2013        |
| 8.22.1               |
| Tilv. V5720120900092 |

Reykjavík, 4. júní 2013

Tilvísun: 2013050239

## Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um drög að stöðuskýrslu fyrir vatnasvæði Íslands

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur tekið til umsagnar drög að stöðuskýrslu fyrir vatnasvæði Íslands, dags. 7. desember 2012. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur farið yfir drögin og gerir eftirfarandi athugasemdir.

### Almenn umsögn

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) fagnar því samráði sem haft hefur verið við heilbrigðiseftirlitið við vinnu að gerð stöðuskýrslu fyrir vatnasvæði Íslands og vonar að framhald verði á því.

HER bendir á að skammstöfun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur er með hástöfum - HER.

Að mati HER væri til mikilla bóta að í upphafi hvers kafla um vatnasvæði væri kort yfir svæðið með helstu staðarheitum sem fram koma í textanum. Þetta auðveldar þeim sem lesa textann að átta sig á staðsetningu hverju sinni.

HER bendir á að við strandsjávarsýnatöku í Reykjavík árið 2013 verða auk sýna til mælinga á saurgerlum tekin sýni til mælinga á næringarefnum í samvinnu við Hafrannsóknastofnun.

### Almennar athugasemdir

**Bls. 13:** Á bls. 13 segir m.a. "Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga hefur aðstoðað Umhverfisstofnun við mat á því hvort matvælaefni og önnur starfsemi teljist hafa viðunandi hreinsun á fráveitu. Jafnframt hafa þau bent á að kröfur um hreinsun fari eftir getu viðtaka til að taka við mengun og er skilningur á hugtakinu „viðunandi hreinsun“ mismunandi eftir svæðum." HER gerir athugasemdir við þetta orðalag og bendir á að ákvæði reglugerðar er skýrt og afdráttarlaust. Réttara væri að segja að sveitarfélög séu mislangt komin í að uppfylla ákvæði reglugerða.

**Bls. 43:** Hér stendur m.a. "Þrír gamlir urðunarstaðir eru í Reykjavík og einn í Borgarnesi þar sem taldar eru líkur á að gömul mengunarefni, jafnvel þungmálmar og forgangsefni (PCB), geti lekið í sjó eða grunnvatn. Viðtaki er talin vera undir umtalsverðu álagi frá landfyllingu á Geirsnefi og frá Gufuneshaugunum og mögulega undir umtalsverðu álagi vegna urðunarstaðar í Borgarnesi. Hvað Geirsnef varðar er talin mikil hættu á að ýmis skaðleg efni leki í Elliðaárós og í strandsjó og eru hreinsunaraðgerðir því mikilvægar þar að mati HeR." HER bendir á að það sama á við um Gufuneshauga en haustið 2012 kom í ljós að olíumengun berst um regnvatnslögn sem liggur um haugana og þaðan til sjávar. Það mál er nú í vinnslu hjá Orkuveitu Reykjavíkur í samráði við HER. Að mati HER eru bæði Gufunes og Geirsnef staðir þar sem töluverð hættu er á mengun í vatn (árósa og sjó).



HER spyr einnig hvaða þrjá staði er verið að tala um í upphafi setningar, upptalning ætti að koma fram hér í textanum.

**Tafla 12 bls. 44:** Hér þarf að lagfæra eftirfarandi undir Reykjavík, yfirfallsútrásir, sjá skáletraðan texta, "Strandsjór getur mengast tímabundið vegna yfirfalls-útrása, er vaktaður (HER) 7 mánuði á ári, apríl-október (frá 2003 10 staðir en 1 staður frá 2006 ). Magn saurkóligerla árið 2012 var mjög lítið. Saurkóligerla-mengun hefur einnig mælst í ferskvatni, þá helst í Elliðavatni, Elliðaánum, Úlfarsá , Reykjav.tjörn og Fossvogslæk. Ástæðan er yfirleitt rangtengingar eða bilanir í fráveitu. Ferskvatn er vaktað reglul. (HER )."

**Tafla 13 bls. 48:** Hér þarf að lagfæra eftirfarandi undir Örfirisey, sjá skáletraðan texta, "Verið að hanna hreinsibúnað, gangsettur *haustið 2013* (uppl. frá HER )

**Tafla 15 bls. 50:** Hér þarf að bæta við undir Hringrás að fráveita frá spilliefnamóttöku fer einnig í gegnum olíuskilju.

**Tafla 15 bls. 50:** Hér þarf að bæta við undir Efnamóttakan að fráveita fer einnig í gegnum olíuskilju.

**Tafla 15. bls. 50:** Hér þarf að bæta við undir Sorpu að fráveita fer einnig í gegnum olíuskilju (sama kerfi og Efnamóttakan).

**Tafla 15 bls. 51:** Hér þarf að koma fram að Íslenska gámafélagið tekur á móti rafgeymum.

**Tafla 15 bls. 51:** Hér þarf að bæta við undir Gamlir urðunarstaðir í Reykjavík að árið 2011 gerði Anna Dröfn Guðjónsdóttir skýrsluna, Mengun í yfirborðsvatni. Vöktunaráætlun fyrir forgangsefni Vatnatilskipunar Evrópusambandsins og voru þá m.a. tekin sýni í Elliðaám og nálægt Geirsnefi.

Að mati HER væri til mikilla bóta að bæta við kortum í upphafi umræðu um hvert vatnasvæði til að auðveldara sé að átta sig á þeim stöðum sem verið er að ræða um.

**Heimildaskrá:** HER saknar þess að ekki sé vísað til fleiri heimilda þegar kemur að flokkun og vöktun vatna og vill í því samhengi benda á eftirfarandi skýrslur,

Hilmar J. Malmquist ofl. 2006. Grunnrannsókn á lífríki Rauðavatns Náttúrufræðistofa Kópavogs.

Kristín Lóa Ólafsdóttir, 2005. Umhverfisúttekt á Elliðavatnsblettum árið 2005. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.

Kristín Lóa Ólafsdóttir. 2012. Vöktun Kiðafellsár, Leirvogssár og Úlfarsár árið 2009. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.

Stefanía Lára Bjarnadóttir. 2011. Umgengnis- og fráveitumál í Hólmslandi og Lækjarbotnum Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.

Stefanía Lára Bjarnadóttir. 2011. Umgengnis- og fráveitumál á Kjalarnesi, austan Vesturlandsveggar frá Esjurótum niður að Leirvogssá. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.

Tryggvi Þórðarson. 2003a. Flokkun vatna á Kjósarsvæði. Kiðafellsá. Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands í Hveragerði.

Tryggvi Þórðarson. 2003b. Flokkun vatna á Kjósarsvæði. Leirvogssá. Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands í Hveragerði.



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Tryggvi Þórðarson. 2003c. Flokkun vatna á Kjósarsvæði. Úlfarsá. Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands í Hveragerði.

Tryggvi Þórðarson. 2004. Mengunarflokkun Hólmsár, Suðurár og Elliðaáa. Háskólasetrið í Hveragerði.

Tryggvi Þórðarson. 2008. Mengunarflokkun á Rauðavatni og Reynisvatni Háskólasetrið í Hveragerði.

Tryggvi Þórðarson og Þorsteinn Narfason. 2001. Vöktun á mengun í Úlfarsá. 1. áfangaskýrsla. Mælingar 1999 og 2000.

Þröstur I. Víðisson. 2013. Fráveituverkefni. Skýrsla um vinnu við fráveitumál og eftirlit frá 1. júní 2012 til 31. apríl 2013. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.

Einnig vill HER benda á heimsíðu eftirlitsins en þar eru reglulega uppfærðar niðurstöður mengunarmælinga ([http://reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-4864/8421\\_view-2945/](http://reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-4864/8421_view-2945/)).

Þar sem um er að ræða bráðabirgðayfirlit gerir Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur ráð fyrir að fá endanleg drög aftur til umsagnar.

Virðingarfyllst  
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Kristín Lóa Ólafsdóttir  
heilbrigðisfulltrúi